

BRÁÐABIRGÐASKRÁ

99
1. júní

yfir námsbækur, sem úthlutað verður samkvæmt ákvæðum laga nr. 82 frá 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

1. gr.

Bækurnar skulu ná til þeirra námsgreina, er hér greinir:

1. Íslenzku.
2. Reiknings.
3. Kristinfræða.
4. Landafræði.
5. Náttúrufræði.
6. Íslandssögu.
7. Söngs.

2. gr.

Ritstjórn námsbókanna skal fyrst um sinn fullnægja ákvæðum 1. gr. með námsbókum þeim, sem fyrir eru á markaðinum og löggiltar hafa verið, eftir því sem unnt er og samningar kunna að nást um við hlutaðeigandi útgefendur.

Kennslumálaráðuneytið, 1. júní 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

FYRIRMÆLI

100
17. ágúst

um fjallskil, fjárrekstra, fjárflutning og um ráðstafanir á sýktu og grunuðu fé í leitum og réttum, til varna gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar.

1. gr.

Fyrirmæli þessi ná til allra sýslna á vesturhluta landsins frá Eyjafjarðarsýslu að Vestur-Skaftafellssýslu að Vestfjarðarkjálkanum undanskildum. Í fyrirmælum þessum eru héruðin austan Héraðsvatna og Þjórsár, Gullbringu- og Kjósarsýsla ásamt héruðum vestan Ölvesár og Sogs, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla norðan girðingarinnar milli Hrútafjarðar og Hvammsfjarðar ásamt þeim hluta Hörðudals, sem er innan varnargirðingar, talin ósýkt svæði. Héruðin milli Blöndu og Héraðsvatna, Þjórsár og Ölvesár, Hvítár og Brúarár eru talin grunuð svæði. Önnur héruð eru talin sýkt.

2. gr.

Hreppsnefndum á ofangreindum svæðum er skylt að haga fjalleitum og réttum í samráði við hlutaðeigandi sýslufulltrúa.

3. gr.

Hreppsnefndum er skylt, ef þörf krefur, að breyta út af fjallskilareglugerðum í samráði við eða eftir tillögum sýslufulltrúa. Verði ágreiningur milli hreppsnefnda